

78. stjórnarfundur Bergrisans bs.

7.10.2024

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Anton Kári Halldórsson, Elliði Vignisson og Sandra Sigurðardóttir. Ása Valdís Árnadóttir var fjarverandi. Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Jóhanna Margrét Einarsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerð Þjónusturáðs

Ráðgjafarproskapjálfi kynnur fundargerð Þjónusturáðs númer 183.

2. Umsókn um NPA - 102989

Sveitarfélagið Árborg leggur fram umsókn um NPA samning á sínu svæði. Sótt er um 239 vinnustundir á mánuði að meðaltali, án næturvaktar, þar af eru 15 vinnustundir á mánuði vegna aðstoðarverkstjóra eða 2868 vinnustundir á ári. Heildarkostnaður samningsins eru kr. 22.029.108 á ári. Kostnaðarskipting er þannig að Árborg greiðir stuðningsþjónustu að upphæð 5.530.320 kr. og Bergrisinn stoðþjónustu að upphæð 16.498.788. Gera má ráð fyrir endurgreiðslu að upphæð 5.507.277 á ári frá ríkinu. Heildarkostnaður Bergrisa vegna samningsins eru þá 10.991.511 kr. á ári sem er innan ramma hvað framlög frá Jöfnunarsjóði varðar. Þjónusturáð hefur lagt til að samningurinn verði samþykktur.

Stjórn samþykkir NPA samninginn samhljóða.

3. Lyftukaup- Viss Árborg

Sótt er um að kaupa lyftu hjá VISS Árborg þar sem lyfta bilaði og ekki þykir svara kostnaði að gera við hana. Áætlaður kostnaður eru kr. 447.000.

Stjórn samþykkir kaupin samhljóða.

4. Breyting á reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk

Ráðgjafarproskabjálfi og skrifstofustjóri fara yfir umsögn Bergrisans er snýr að breytingu á reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs.

5. Fullnaðarafgreiðsluheimildir sveitarfélaga

Skrifstofustjóri fer yfir drög að ákvæði um fullnaðarafgreiðsluheimild sveitarfélaga vegna málefna Bergrisans.

Stjórn felur skrifstofustjóra að klára málið.

6. Aðalfundur Bergrisans

Farið er yfir helstu atriði vegna aðalfundar Bergrisans.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 14:15.

Undirritunarsíða

Anton Kári Halldórsson

Elliði Vignisson

Sandra Sigurðardóttir

Bragi Bjarnason